

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Margrjet Steinunn Björnsdóttir á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns hennar fyrir undirrjetti, cand. juris Kr. Jónssouar, 10 kr. og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna G. Páls-sonar og P. Melsteðs, 12 kr. til hvors um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 3/1878: Tómas Jóhannsson á Garðshorni
 gegn
 sýslumanni og bæjarfógeta St.
 Thorarensen og verzlunarstjóra
 E. Laxdal.

Dómur:

Með stefnu dagsettri 4. febrúarmán. þ. á. og framhaldsstefnu dagsettri 4. maímán. næst á eptir hefur Tómas bóndi Jóhannsson á Garðshorni í Eyjafjarðar-sýslu að fenginni gjafsókn áfrýjað til yfirdómsins uppboðsgjörð á $\frac{7}{12}$ úr hákarlaskipinu Elliða, er fór fram fyrir uppboðsrjetti Akureyrarkaupstaðar 6. nóvembermán. f. á. Hefur áfrýjandinn krafizt principaliter, að hin áfrýjaða uppboðsgjörð verði felld úr gildi, og hinn stefndi bæjarfógeti, St. Thorarensen, verði skyldaður til að setja dánarbú Árna skipstjóra Árnasonar frá Glæsi-bæ, er var eigandi að nefndum skipshluta, í samt lag aptur, eins og það var í, áður en salan fór fram; in subsidium: að hinn stefndi bæjarfógeti verði dæmdur til að greiða dánarbúinu sem skaðabætur mismuninn á virðingarverði skipshlutans 19. apríl þ. á. og uppboðs-

andvirðinu fyrir hann, að upphæð 1655 kr., eða þá svo mikla upphæð af þessum verðmun, sem óvilhallir dómkvaddir menn meta, og loks að hinn stefndi bæjarfógeti verði skyldaður til að greiða allan málskostnað skaðlaust eða nægilegan. Hinn stefndi bæjarfógeti hefur aptur á móti krafizt, að hin áfrýjaða uppboðsgjörð verði staðfest og áfrýjandinn skyldaður til að greiða honum málskostnað eptir rjettarins mati, en hinn stefndi verzlunarstjóri Laxdal hefur hvorki mætt nje mæta látið í málinu hjer fyrir rjettinum.

Þess skal fyrirfram getið, að undir þessu máli, eins og það er borið upp hjer fyrir rjettinum, getur ekki orðið spurning um að dæma um meðferð skiptarjettarins á dánarbúi Árna skipstjóra Árnasonar frá frá Glæsibæ, heldur að eius um lögmæti uppboðsgjörðarinnar 6. nóvbr. f. á. á $\frac{7}{12}$ úr hákarlaskipinu Elliða, sem var eign nefnds dánarbús. Kröfu sína um, að þessi uppboðsgjörð verði dæmd ómerk, hefur áfrýjandinn, auk ýmsra galla á meðferð skiptarjettarins á nefndu dánarbúi, sem ekki geta komið til greina samkvæmt áður sögðu undir þessu máli, sjer í lagi byggt á því, að uppboðið hafi ekki verið nægilega auglýst eða með nægilegum fyrirvara. Að vísu ber uppboðsgjörðin ekki sjálf með sjer, sem þó hefði átt að vera, skýrslu um, hvernig uppboðið hafi verið auglýst, en undir rekstri málsins hjer fyrir rjettinum er það upplýst, að það hefur verið auglýst með uppfestri auglýsingu á venjulegum stað í kaupstaðnum Akureyri 3 vikum á undan uppboðinu, eins og líka auglýsingin var birt í blöðum þeim, sem koma út á Akureyri, nokkrum dögum á undan uppboðinu. Með því að yfirdómurinn ekki fær sjeð, að þeir gallar sjeu á þessari birtingu uppboðsins sbr. tilskip. 19. des. 1693, 10. gr. og reglugjörð 10. sept. 1830 44. gr. er geti valdið ómerkingu þess, þá

ber að staðfesta uppboðsgjörðina og virðist málskostnaður eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Að því leyti sem mál þetta er flutt með gjafsókn hefur flutningur þess verið forsvaranlegur.

Því dæmist rjett að vera:

Hin áfrýjaða uppboðsgjörð á óröskuð að standa. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. nóvembermán.

Nr. 8/1878: Sigurlaug Jónsdóttir

gegn
Stefáni Jónssyni frá Lýtingsstöðum.

Dómur:

Með dómi kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Norðurmúlasýslu 28. septbr. 1875 í barnsfaðernismáli, höfðu af stúlkunni Sigurlaugu Jónsdóttur gegn Stefáni Jónssyni frá Lýtingsstöðum, er Stefán Jónsson skyldaður til að greiða meðlag með barni því, er Sigurlaug Jónsdóttir fæddi 17. nóvbr. 1874, svo framarlega sem hún eptir löglegan undirbúning innan síns varnarþings og í seinasta lagi á manntalsþingi 1876 í Vopnafjarðarhreppi vinnur eið að því, að hún á árinu 1874 ekki hafi haft holdlegt samræði við aðra karlmenn heldur en Stefán Jónsson, en treysti hún sjer ekki til að vinna þenna eið, þá á hann fyrir kærnum hennar í málinu frið að vera, og er málskostnaður látinn falla niður. Þessum dómi hefur Sigurlaug Jónsdóttir, að fenginni uppreisn og gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dagsettri 7. maí þ. á., og krafizt, að politirjettardómurinn verði staðfestur að öðru leyti en að því er snertir tímenn, þá er eiðurinn átti að vera unninn, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum. Hinn stefndi, sem eptir vottorði